

Lagt fyrir fund velferðarráðs 18. febrúar 2026

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins um aðgerðir til að auka eftirlit með vistun barna utan heimilis

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að skoða hvernig bæta megi eftirlit og auka gagnsæi með vistun barna utan heimilis og gera drög að verklagi við eftirlit með vistun barna. Jafnframt er lagt til að skoðað verði sérstaklega hvernig auka megi stuðning við starfsfólk Barnaverndar Reykjavíkur til að bæta faglega þjónustu í þessum efnum. Tillögur þess efnis skal leggja fram í síðasta lagi á fundi velferðarráðs 25. mars n.k. Í þeirri vinnu verði haft samráð við Félag fósturforeldra, Barnavernd Reykjavíkur, Barna- og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Sérstaklega verði skoðað hvort ástæða sé til þess að ráða inn óháðan aðila sem sinnir eftirliti á vettvangi. Í dag sinnir Barnavernd Reykjavíkur sjálf eftirliti með fósturforeldrum sem eru með börn frá Barnavernd Reykjavíkur í sinni vistun í samræmi við barnaverndarlög. Það fyrirkomulag sem sett er fram í lögnum endurspeglar ekki góða stjórnsýsluhætti og er ekki í anda farsældarlaganna, þ.e að sá sem veitir þjónustu skuli sjálfur sinna eftirliti. Velferðarsviði er því falið að hefja samtal við löggjafann um breytingar á lögum hvað þetta varðar og einnig falið að útbúa áskorun til Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála þess efnis að stofnunin sinni gæða- og eftirlitshlutverki sínu og haldi betur utan um málaskrá vegna fósturforeldra, bæði hvað varðar veitingu leyfa og sviptingu leyfa, en listi yfir þá aðila sem fengið hafa fósturleyfi frá stofnuninni er ekki aðgengilegur Barnavernd Reykjavíkur. Þá er lagt til að innleiðing á nýju málaskrárkerfi hjá Barnavernd Reykjavíkur verði sett í forgang. Markmiðið með þessari tillögu er að leita allra leiða til að tryggja öryggi og velferð barna sem eru vistuð utan heimilis.